

85. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

16. 8. 2017 kl. 8:15 – 9:30

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Ritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

Mætt: Huguín Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Katrín Jónsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Hrafnkell Guðnason, Eyjólfur Guðmundsson, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Vilhjálmur Magnússon.

1. Rekstrarstaða Þekkingarsetursins Nýheima

Huguín Harpa fór yfir samantekt um rekstur og rekstrarstöðu frá áramótum. Samantekt forstöðumanns sýnir tekjur og helstu kostnaðarliði frá áramótum til dagsins í dag. Farið var yfir helstu liði samantektar sem sýnir að fjárhagsleg staða setursins er góð.

2. Verkefni sumarsins og komandi vetrar

Huguín Harpa gerði grein fyrir helstu verkefnum sumarsins og þeim verkefnum sem framundan eru hjá ÞN. Verkefnastaða setursins er góð og margt framundan hjá setrinu.

3. Umhverfisnefnd Nýheima

Huguín Harpa rifjaði upp að á síðasta fundi umhverfisnefndar ÞN hefði komið fram sú tillaga að hætta að skipa í umhverfisnefnd ÞN og hafa eingöngu 4-5 manna verkefnastjórn líkt og var síðasta vetur. Hugmyndin felur í sér að húsfundir komi í stað þeirrar 8 manna umhverfisnefndar sem var. Lagði Huguín til að þetta fyrirkomulag verði reynt á komandi vetri. Verkefnastjórn skal halda utan um umhverfismál innan Nýheima og stýra umræðum á húsfundum. Stjórn samþykkti tillöguna og ákvað að í verkefnastjórn skuli skipa: einn starfsmann ÞN, einn nemanda FAS, húsvörð og tvo starfsmenn í húsinu sem eru kosnir á húsfundi.

4. Samstarfssamningur milli FAS og ÞN

Huguín Harpa kynnti hugmyndir um samstarfssamning milli FAS og ÞN um vinnu verkefnastjóra setursins í tengslum við félagslíf nemenda í FAS. Hugmyndin felur í sér að verkefnastjóri ÞN muni í 20% starfshlutfalli sinna starfi með nemendum í tengslum við félagslíf þeirra. Stjórn samþykkir að gera samstarfssamning við FAS fyrir komandi skólarár. Fostöðumanni falið að vinna að málinu.

Fundi slitið klukkan 09:40

Ragnhildur Jónsd.
Huguín Harpa Reynisd.